



Ársskýrsla 2008



Ársskýrsla 2008

Efnisyfirlit

	Bls.
Ávarp formanns	3
Stjórn og starfslið	4
Ársfundur	5
Iðgjöld	6
Lífeyrir	8
Fjárfestingar á árinu	9
Lánareglur	9
Verðbréfaeign í árslok	11
Fjárfestingastefna	12
Ávöxtun	13
Tryggingafræðileg úttekt – Skuldbindingar	14
Ársreikningur	15

Forsíðumynd er tekin í fjósinu á Hvanneyri

Umsjón og hönnun: Sigurbjörg Björnsdóttir

Forsíðumynd: Árdís Jóna Pálsdóttir

Myndvinnsla forsíðu: Árdís Jóna Pálsdóttir

Prentun: Prentsmiðjan Oddi hf.

Letur: Times New Roman

Ávarp formanns

Inngangur

Árið 2008 var Lífeyrissjóði bænda erfitt eins og raunin var hjá öðrum lífeyrissjóðum. Framan af árinu var ávöxtun sjóðsins í jafnvægi og 30. júní nam hún 18% á ársgrundvelli en á sama tíma var verðbólga um 16,7%. Ávöxtun hélst á svipuðum nótum fram að hrúni íslenska bankakerfisins. Eignastýringarvið bankanna voru í miklum viðskiptum við bankana sjálfa fyrir hönd lífeyrissjóðsins. Sjóðurinn fjárfesti þannig í hlutabréfum og skuldabréfum sem bankarnir höfðu gefið út. Þá hafði sjóðurinn fyrir milligöngu þeirra gert afleiðusamninga við bankana, bæði gjaldmiðlaskiptasamninga og vaxtaskiptasamninga. Eignir sjóðsins rýrnuðu mjög við hrúnið, hlutabréf töpuðu verðgildi sínu, líkur á endurheimtum ýmissa skuldabréfa dvínuðu eða urðu að engu og gengi flestra verðbréfasjóða hrapaði. Áhrifanna gætir í ársreikningi sjóðsins en auk þessa var framkvæmd varúðarniðurfærsla á allmörgum eignun með hliðsjón af tapsáhættu og að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar gjaldmiðlasamninga við bankana. Mikil óvissa ríkir um hvort og hvernig gera á upp gjaldmiðlaskiptasamningana og vaxtaskiptasamningana. Tap var á flestum þessum samningum um áramót og gert er ráð fyrir að samningarnir verði gerðir upp í tengslum við uppgjör á kröfum sem lífeyrissjóðurinn á á bankana.

Fjárvarsla

Allt frá árinu 2002 hafa þrír fjárvörsluaðilar stýrt eignasafni Lífeyrissjóðs bænda. Samningi við Glitni var sagt upp um mitt árið 2008 og átti uppsögnin að koma til framkvæmda um áramót. Við hrún allra bankanna brustu forsendur fjárvörslusamninganna við hina bankana og í desember var ákveðið að endurnýja ekki samninga við Glitni og Landsbankann. Ákveðið var að ganga til kaupa á hlutafé í Jöklum-Verðbréfum hf. nú í ársbyrjun 2009 að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins og mun fyrirtækið stýra um tveimur þriðju hlutum af eignasafninu og Nýi Kaupþing banki mun stýra þriðjung. Sjóðfélagalán munu verða áfram í vörslu lífeyrissjóðsins en hlutfall þeirra af heildareignum sjóðsins var um 5% um áramót. Gert er ráð fyrir að hlutfall þeirra af eignum sjóðsins aukist enn frekar á næstunni m.a. vegna aðstæðna í efnahagsmálum.

Staða í árslok

Í árslok 2008 höfðu eignir sjóðsins rýrnað um 1.283 mkr. á árinu eða um 5,9%. Nafnávöxtun eignanna var neikvæð um 4,3%, raunávöxtun -17,8% og hrein raunávöxtun -17,9%. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er viðunandi að teknu tilliti til þess sem á hefur dunið. Halli á áföllnum skuldbindingum er 5,4% og 9,3% á heildarskuldbindingum. Tryggingafræðingur sjóðsins leggur hvorki til skerðingu á áunnum réttindum og lífeyrisgreiðslum né lækkun framtíðar réttindaávinnslu sjóðfélaga að svo stöddu. Hins vegar veltur framtíðarstaða sjóðsins á því að hjól ávöxtunar fari að snúast í rétta átt hið allra fyrsta.

Mótframlag bænda

Ríkissjóður greiðir mótframlag á móti iðgjöldum bænda samkvæmt fjárlögum hvers árs. Þeir sem eiga rétt á þessu mótframlagi eru bændur sem falla undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands ÍSAT2008 en þó ekki undirflokkar 01.6. 01.7. 02.3. og 02.4. Í því sambandi skal áréttað mikilvægi þess að reiknuð laun bænda séu ávallt rétt merkt hjá skattyfirvöldum og skipting milli atvinnugreinaflokka sé skráð.

Lokaorð

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum, starfsfólki sjóðsins, endurskoðendum, tryggingafræðingi og fulltrúum verðbréfafyrirtækjanna fyrir vel unnin störf á árinu 2008. Forsvarsmenn Bændasamtakanna eiga einnig þakkir skildar fyrir gott samstarf.

Sjóðfélögum og lífeyrisþegum sjóðsins óska ég velfarnaðar í framtíðinni.



Skúli Bjarnason
formaður stjórnar

Stjórn og starfslið

Stjórn

Í stjórn Lífeyrissjóðs bænda sitja fimm menn. Stjórnin er skipuð af fjármálaráðherra til fjögurra ára í senn. Núverandi stjórn sjóðsins var skipuð með bréfi fjármálaráðherra, dagsettu 19. desember 2006, og er skipuð eftirtöldum aðilum frá 1. janúar 2007 til ársloka 2010:

Aðalmenn:

<i>Tilnefndir af:</i>	<i>Hæstarétti:</i>	Skúli Bjarnason, formaður,
	<i>Landbúnaðarráðherra:</i>	Loftur Þorsteinsson
	<i>Bændasamtökum Íslands:</i>	Guðmundur Grétar Guðmundsson
	" "	Örn Bergsson
<i>Án tilnefningar:</i>		Vala Rebekka Þorsteinsdóttir (frá 1.8.2008)

Varamenn:

<i>Tilnefndir í sömu röð:</i>	(skipun í undirbúningi)
	Sigurlaug Gissurardóttir
	Sigríður Bragadóttir
	Hörður Harðarson
	Ingi Már Pálsson

Á árinu 2008 voru haldnir ellefu stjórnarfundir, sá fyrsti 21. janúar og lokafundur 10. desember. Stjórnarfundir eru að jafnaði ekki færri en níu til tíu á ári og yfirleitt haldnir mánaðarlega í janúar til júní og í september til nóvember. Af þeim eru fjórir fundir þar sem fulltrúar verðbréfafyrirtækjanna, sem sjá um ávöxtun fjármuna sjóðsins, leggja fram yfirlit yfir eignir og ávöxtun í lok hvers ársfjórðungs, fara yfir hreyfingar sem hafa átt sér stað á tímabilinu og almenna þróun og horfur á mörkuðum. Fleiri fundir eru haldnir eftir þörfum.

Starfsmenn

Hjá lífeyrissjóðnum starfa eftirtaldir fastir starfsmenn:

Sigurbjörg Björnsdóttir	framkvæmdastjóri
Borghildur Jónsdóttir	bókhald, lánainnheimta
Erla Stefánsdóttir	innheimta iðgjalda
Sigrún Þóra Björnsdóttir	lífeyrismál, gjaldkeri, lánamál
Árdís Jóna Pálsdóttir	almenn skrifstofustörf

Annað starfslið

Fyrirtækið Deloitte hf. hefur séð um innri og ytri endurskoðun lífeyrissjóðsins. Innri endurskoðun er í höndum Sílfjar Einarssonar og fór hún að mestu fram í september til nóvember 2008. Ytri endurskoðun er í höndum Bjargar Sigurðardóttur.

Lífeyrissjóður bænda er aðili að samningi um örorkumöt sem Landssamtök lífeyrissjóða gerði við hóp lækna en í forsvari fyrir hópnum er Júlíus Valsson.

Aðal tengiliðir fjárvörsluaðilanna eru nú: Fyrir Jökla-Verðbréf Jónas Dalberg og Garðar Jón Bjarnason og fyrir Nýja Kaupþing Marínó Örn Tryggvason og Hjörleifur Arnar Waagfjörð.

Greiðslustofa lífeyrissjóða sér um lífeyrisgreiðslur og ýmsar lífeyrisvinnslur fyrir sjóðinn. Inít ehf. sér um rekstur Jóakim lífeyrissjóðakerfisins.

Tryggingafræðingur lífeyrissjóðsins er Steinunn Guðjónsdóttir tryggingastærðfræðingur.

Ársfundir 2008 og 2009

Ársfundur Lífeyrissjóðs bænda 2008 var haldinn 21. apríl 2008 í Bændahöllinni. Í kjölfarið var ákveðið að stefna að því að ársfundur sjóðsinn verði framvegis haldinn í tengslum við Búnaðarþing ef mögulegt væri enda það rétti vettvangurinn til að koma upplýsingum um sjóðinn á framfæri við sjóðfélaga. Þann 4. mars 2009 var því haldinn ársfundur á Búnaðarþinginu. Hann var felldur inn í dagskrá þingsins og fjölmenntu Búnaðarþingsfulltrúar á fundinn. Á ársfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

- | | | |
|---------------------|-----------------------------|--|
| 1. Skýrsla stjórnar | 3. Tryggingafræðilega stöðu | 5. Tillögur um breytingar á samþykktum |
| 2. Ársreikning | 4. Fjárfestingastefnu | 6. Önnur mál |

Skýrsla stjórnar

Skúli Bjarnason, formaður stjórnar, flutti á báðum fundunum skýrslu stjórnar og rakti í stórum dráttum helstu þætti starfseminnar á árunum 2007 og 2008 og helstu stærðir varðandi afkomu sjóðsins. Hann ræddi stöðu sjóðsins eftir efnahagshrunið 2008, rýrnun eigna og lakari tryggingafræðilega stöðu í árslok 2008. Í árslok 2007 hefði staða sjóðsins verið góð, eignir umfram heildarskuldbindingar 9,2% og ekki langt frá því að sjóðurinn þyrfti að hækka réttindi sjóðfélaga sem hefði verið ánægjulegt. Staðan í árslok 2008 sem er neikvæð um 9,3% væri innan þeirra marka sem kveður á um í lögum um lífeyrissjóði, en þar segir að skerða skuli réttindi sjóðfélaga ef hallinn er 10% eða meiri (15% árið 2008). Það væri ánægjulegt nú að þurfa ekki að grípa til skerðinga að svo stöddu. Formaður greindi frá þeirri breytingu sem orðið hefur á fjárvörslu fyrir sjóðinn en nú sjá Jöklar-Verðbréf og Nýi Kaupþing banki um fjárvörsluna.

Að lokum ræddi formaður brýnustu hagsmunamál sjóðsins. Í fyrsta lagi væru blikur á lofti varðandi mótframlag ríkisins á móti iðgjöldum bænda. Fram til þessa hefði það sloppið til en óvíst væri hvort upphæðin á fjárlögum 2009 dugar á móti 4% iðgjöldum bænda. Tryggja þarf nægilega greiðslu mótframlags úr ríkissjóði til frambúðar. Í öðru lagi veltur framtíðarstaða sjóðsins mjög á því að ávöxtun verði góð. Í þriðja lagi að jafnvægi náist aftur á milli eigna og skuldbindinga sjóðsins.

Ársreikningur

Framkvæmdastjóri sjóðsins, Sigurbjörg Björnsdóttir, gerði á báðum fundunum grein fyrir helstu stærðum og kennitölum og skýrði ársreikninga sjóðsins fyrir árin 2007 og 2008. Þá var einnig farið yfir lánareglur og lánveitingar á árinu og kom m.a. fram að lánin hafa verið hækkuð verulega og ásókn verið mikil undanfarið.

Tryggingafræðileg úttekt

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir niðurstöður úttektarinnar á ársfundinum 2008 en eignir umfram heildarskuldbindingar námu í árslok 2007 2.395 mkr. eða 9,2% af skuldbindingum. Eignir umfram áfallnar skuldbindingar námu 3.951 mkr., eða 20,7% af skuldbindingunum. Á ársfundinum 2009 fór Steinunn Guðjónsdóttir, tryggingastærðfræðingur, yfir úttektina. Halli á áföllnum skuldbindingum nam 1.205 mkr. eða 5,4% og heildarskuldbindingum 2.775 mkr. eða 9,3%.

Fjárfestingastefna og ávöxtun eigna

Á fundinum 2008 kynnti Marínó Örn Tryggvason fulltrúi Kaupþings fjárfestingastefnu sjóðsins 2008, eignasamsetningu, fjárfestingar og þróun markaða. Hann greindi frá því að fjárfestingastefna 2008 væri litið breytt frá árinu 2007. Heimild hefði þó verið aukin til kaupa á ríkisskuldabréfum. Hann sagði fjárfestingastefnu sjóðsins aðhaldssamari en hjá öðrum sjóðum og innlend hlutabréfaeign væri töluvert minni en meðaltal annarra lífeyrissjóða.

Á fundinum 2009 fór Jónas Dalberg, framkvæmdastjóri Jökla-Verðbréfa yfir fjárfestingastefnu fyrir árið 2009, en breytingar felast í því að eignir í skuldabréfum, sérstaklega ríkisskuldabréfum, verða auknar um leið og hlutabréfaeign verður nánast engin. Ljóst væri að sjóðurinn hefði orðið fyrir ákveðnum skaða bæði vegna framvirkra samninga og bankabréfa. Aðgerðir nú miðuðu að því að reyna að lágmarka þann skaða. Jónas fagnaði aðild Lífeyrissjóðs bænda að Jöklum-Verðbréfum og vonast eftir löngu og farsælu samstarfi.

Tillaga um breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir tillögu að breytingum á samþykktum fyrir sjóðinn á fundinum 2009. Aðallega leiða breytingarnar af lögum nr. 171/2008 um breytingu á almennu lífeyrissjóðalögum. Verið væri að setja ítarlegri ákvæði um stjórn sjóðsins og heimildir varðandi ávöxtun eigna. Þá verður nú heimilt að senda sjóðfélögum yfirlit með rafrænum hætti og að skipta ellilífeyrisréttindum fyrir 65 ára aldur í stað 60 ára. Loks er svo verið að breyta skilgreiningu á bændum miðað við ÍSAT2008 í stað ÍSAT95.

Önnur mál


Á fundinum 2008 kvaddi Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri Bændasamtakanna sér hljóðs. Hann færði sjóðnum þakkir fyrir hönd Bændasamtakanna fyrir gott samstarf. Hann tók undir það að brýnt væri að tryggja greiðslu mótframlagsins til frambúðar.

Á fundinum 2009 tók Haraldur Benediktsson formaður Bændasamtakanna til máls og þakkaði fyrir fundinn. Hann kvað það tímamót að sjóðurinn skuli nú lána verulegar fjárhæðir til sjóðfélaga út á bújarðir og hvatti hann stjórn sjóðsins til að halda áfram á þeirri braut með varúð þó. Varðandi óvissu um mótframlagið kvað hann samtökin ítrekað hafa reynt að fá gerða samninga um það en það ekki borið árangur. Fróðlegt væri að stjórnarmenn tilnefndir af stjórnvöldum könnuðu afstöðu sinna yfirmanna í þessu máli. Staða þessa máls kæmi í veg fyrir að hugmyndir sem hafa komið upp um sameiningar við aðra sjóði nái fram að ganga. Loks hvatti hann til þess að á yfirlitum til sjóðfélaga yrði bændum gerð grein fyrir því hvaðan mótframlagið kæmi.

Iðgjöld

Heildariðgjaldtekjur lífeyrissjóðsins á árinu 2008 námu 523,3 millj. króna, þar af námu iðgjöld sjóðfélaga 164,4 millj. króna, mótframlög 359,7 millj. króna og réttindaflutningar nettó voru neikvæðir um 0,8 millj. króna.

Skipting heildariðgjaldtekna á árinu 2008




Iðgjöld sjóðfélaga eru 4% af launum. Hjá bændum miðast iðgjöld við reiknað endurgjald í landbúnaði eða greidd laun þar sem búrekstrarformi er þannig háttað, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 12/1999.

Bókfærð iðgjöld bænda fyrir tekjuárið 2008 námu 123,8 millj. króna og launþega 19,2 millj. króna. Áætluð viðbótariðgjöld fram að eindaga í lok janúar 2009 nema samtals 16,2 mkr. Upptaka blandaðrar réttindaávinnslu, frá 1. janúar 2007 skýrir uppsveiflu réttinda árið 2007. Á hverju ári berast sjóðnum einnig iðgjöld fyrir eldri ár.

Greiðandi sjóðfélagar voru 2.996 á árinu 2008 samanborið við 3.117 á árinu 2007. Fækkunin er að sjálfsögðu í takt við þá fækkun bænda sem átt hefur sér stað undanfarin ár.

Bókuð réttindi frá 1971 til 2008 í krónum á verðlagi í mars 2009



Réttindaávinnsla


Réttindi í Lífeyrissjóði bændu voru fram til ársloka 2006 í jafnri réttindaávinnslu, þ.e. sjóðurinn var stigastjóður. Frá 1. janúar 2007 reiknast réttindi í krónum samkvæmt töflu sem fylgir samþykktum sjóðsins. Um er að ræða aldursháð réttindi sem ráðast af aldri sjóðfélaga í réttindamánuði. Allir sjóðfélagar yngri en 25 ára í árslok 2005 fá aldursháð réttindi og einnig þeir sem ekki uppfylla skilyrði til jafnar réttindaávinnslu. Rétt til jafnar ávinnslu réttinda hafa þeir sjóðfélagar sem voru 25 ára og eldri í árslok 2005, höfðu greitt iðgjöld í sjóðinn í tiltekinn tíma fyrir 42 ára aldur og hefur verið úrskurðað viðmiðunariðgjald sem byggt er á greiddum iðgjöldum árið 2003. Réttur í jafnri ávinnslu miðast þá við allt að viðmiðunariðgjaldi en réttindi út á umframiðgjöld eru aldursháð.

Iðgjaldagreiðendur

Lífeyrissjóður bændu innheimtir iðgjöld yfirstandandi árs af bændum sem reikna sér laun í landbúnaði og miðast innheimtan við reiknuð laun þeirra í staðgreiðslu samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra. Annars vegar er þeim haldið eftir af beingreiðslum en hins vegar innheimt með greiðsluseðlum. Félagsbú og einkahlutafélög, þar sem bændur greiða sér laun, standa skil á iðgjöldum rekstraraðila mánaðarlega. Mikilvægt er fyrir bændur að gæta þess að reiknuð laun í staðgreiðslu séu ávallt rétt skráð hjá skattfyrvöldum til þess að innheimta verði sem réttust. Brýnt er og fyrir bændur að greiða iðgjöld sín reglulega til að tryggja réttindi sín og komast hjá óþarfa innheimtukostnaði. Launþegar í landbúnaði greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs bændu og skila launagreiðendur iðgjaldinu ásamt eigin mótframlagi til sjóðsins mánaðarlega. Bændur sem stunda atvinnu utan bús greiða einnig iðgjöld af þeim atvinnutekjum til sjóðsins ef þeir kjósa svo.

Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með greiðslum landsmanna í lífeyrissjóði og innheimtir sjóðurinn vangoldin iðgjöld samkvæmt innheimtubeiðni hans.

Fjöldi greiðandi sjóðfélaga




Aldursdreifing

Aldursdreifing greiðandi sjóðfélaga er óhagstæðari en í flestum öðrum lífeyrissjóðum, meðalaldur er hærri. Á árinu 2008 voru 18,6% greiðenda undir 40 ára aldri og fækkar frá fyrra ári. Bókuð réttindi þeirra nema 20,6% af heildarréttindum ársins, 59,6% voru á aldrinum 40 - 59 ára og fá þeir 61,9% réttindanna. Sjóðfélagar 60 ára og eldri voru 21,8% og fá 17,5% af heildarréttindum ársins. Konur voru 36,6% greiðandi sjóðfélaga á árinu 2008.

Ástæða þessarar aldersdreifingar er lítil nýliðun í bændastétt. Aldursdreifingin hefur áhrif á niðurstöður tryggingafræðilegs uppgjörs sjóðsins að því leyti að skuldbindingar hans eru enn hærri eftir því sem greiðendur eru eldri. Tiltölulega skammur tími gefst þá til ávöxtunar þeirra iðgjalda sem gefa ellilífeyrisrétt eftir fá ár. Eftir því sem aldurstenging réttinda eykst hjá sjóðnum næst meira jafnvægi.

Aldursdreifing greiðandi sjóðfélaga 2008 eftir kyni




Lífeyrir

Heildarlífeyrisgreiðslur á árinu 2008 námu 882,9 millj. króna, sem var um 11,3% hækkun frá fyrra ári. Lífeyrir greiddur vegna áunninna réttinda hækkaði um 12% og nam 841,5 millj. króna. Lífeyrir vegna bænda fæddra 1914 og fyrr lækkaði lítið vegna mikillar verðbólgu eða um 1% og nam 41,4 millj. króna. Fjöldi þeirra er njóta þess lífeyris var 217 í desember 2008, þar af 18 sem nutu ellilífeyris.

Lífeyrir fylgir breytingum á vísitölu neysluverðs mánaðarlega en hún hækkaði um 16,36% á árinu.

Hlutfallsleg skipting áunnins lífeyris 2008




Á árinu 2008 var greiddur lífeyrir til 3.765 einstaklinga. Taflan sýnir fjölda lífeyrisþega sem njóta áunnins lífeyris í árslok 2008, hlutfall hvers flokks af heildarlífeyri ársins, meðalaldur og meðallífeyrisgreiðslur. Sami einstaklingur getur haft tvenns konar lífeyri.

Tegund lífeyris	Ellilífeyrir	Makalífeyrir	Örorkulífeyrir	Barnalífeyrir	Samtals
<i>Fjöldi í des. 2008</i>	2.745	785	302	53	3.885
Hlutfall á árinu	80,31%	8,43%	10,65%	0,61%	100%
Meðalaldur	78 ár	78 ár	58 ár		
Meðallífeyrir á mán.	22.658 kr.	8.200 kr.	24.000 kr.		

Barnalífeyrir greiðist vegna örorku eða andláts foreldris og er ýmist greiddur til foreldra eða barnanna sjálfra. Fullur barnalífeyrir vegna örorku nam 10.217 krónum á mánuði í desember 2008 og 13.932 krónum vegna andláts.


Fjöldi lífeyrisþega samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt 2008



Fjárfestingar á árinu 2008

	2008	%	2007	%
Sjóðfélagalán		11,0		0,1
Ríkisskuldabréf	262.722.758	5,0	202.249.490	2,7
Skammtímabréf	212.868.380	4,1	450.885.871	6,0
Fjármálastofnanir	399.454.845	7,6	75.922.500	1,0
Fyrirtæki	321.357.570	6,1	164.340.967	2,2
Sveitarfélög	29.157.450	0,6	0	0,0
Erlendir verðbréfasjóðir	416.711.391	8,0	917.285.272	12,1
Íslenskir verðbréfasjóðir	2.844.858.267	54,2	5.636.890.924	74,6
Íslensk hlutabréf	42.544.248	0,8	60.116.884	0,8
Erlend hlutabréf	0	0,0	14.256.689	0,2
Erlend verðbréf	138.556.914	2,6	26.025.000	0,3
Fjárfestingar samtals	5.245.581.823	100,0	7.554.673.597	100,0

Skipting verðbréfakaupa á árinu 2008



Sjóðfélagalán

Á árinu 2008 voru veitt 40 lán til sjóðfélaga, samtals að fjárhæð 577,4 milljónir króna, en 20 lán voru greidd upp. Veðmörkum í lánareglum var breytt í ársbyrjun 2009 og eru gildandi lánareglur eftirfarandi.

Lánareglur


1. Hámarkslán er **25.000.000 kr.** og lágmarkslán 500.000 kr.
2. Lánstími er **5 til 40 ár.**
3. Gjald dagar eru **1 – 12 á ári.**
4. Lánið er bundið **viðtölu neysluverðs.**
5. Vextir eru nú 5,60% (15. apríl 2009). Vextir taka breytingum 15. hvers mánaðar og eru 0,7% hærri en meðalávöxtun í síðasta almanaksmánuði á nýjasta flokki íbúðabréfa til 30 ára í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands. Þeir skulu þó ekki vera hærri en hæstu lögleyfðu vextir Seðlabanka Íslands hverju sinni og ekki lægri en 5%. Vextir eldri lána, veittra eftir 31. desember 1996, taka sömu breytingum.

Lántökuskilyrði

6. Umsækjandi skal hafa greitt í lífeyrissjóð samfellt undanfarin tvö ár, þar af síðustu sex mánuði í Lífeyrissjóð bænda. Lágmarksiðgjaldagreiðsla á ári skal hafa jafngilt 0,5 SAL-stigum til þess að fullnægja þessu skilyrði. Lífeyrisþegi getur átt rétt á láni, enda hafi hann haft lánsrétt sbr. framangreint þegar taka lífeyris hófst og sanni greiðslugetu sína með greiðslumati frá viðskiptabanka sínum.
7. Bóndi, sem hættir búskap á aldrinum 60 – 67 ára, skal eiga rétt á láni innan 2ja ára, enda hafi hann ekki farið í annað starf er veiti honum lánsrétt í öðrum lífeyrissjóði. Heimilt er að víkja frá 2ja ára skilyrðinu ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
8. Aðeins er lánað gegn fasteignaveði og veði í jörðum. Til grundvallar er lagt áætlað söluverð samkvæmt mati sem löggiltur fasteignasali framkvæmir. Jón Hólm Stefánsson er tilnefndur af sjóðnum þegar um jarðeignir er að ræða. Umsækjandi greiðir kostnað af mati löggilts fasteignasala. Sérstakrar varúðar skal gætt varðandi eignir sem talið er að geti verið erfiðar í endursölu. Áhvílandi uppreiknaðar veðskuldir að viðbættu nýju láni mega ekki vera umfram:
 1. Jarðeignir: 55% af áætluðu söluverði.
 2. Íbúðarhúsnæði: 45% af áætluðu söluverði. Ekki er lánað út á ósamþykktar íbúðir.
 3. Sérhæft atvinnuhúsnæði og hesthús: 30% af áætluðu söluverði.Nái veðsetning skv. 1. lið ekki 70% af fasteignamati þarf ekki að skila sölumati.

Ekki er lánað út á fasteignir skv. 2. og 3. lið sem eru með lægra fasteignamat en 4.000.000 kr. og veðsetning eigna skv. þeim liðum skal að öðru jöfnu aldrei fara upp fyrir 80% af brunabótamati.
9. Umsækjandi þarf að leggja fram yfirlit yfir skuldastöðu í lánastofnunum. Heimilt er að óska eftir að umsækjandi skili staðfestu greiðslumati frá lánastofnun, búnaðarsambandi eða öðrum tilkvoddum aðila. Óski sjóðurinn þess ber umsækjanda að skila afritum af skattframtölum, rekstrarreikningum og rekstraráætlunum eftir því sem við á. Komi í ljós að skuldastaða sé með þeim hætti að vafi leiki á greiðsluhæfi umsækjanda getur sjóðurinn lækkað umbeðna lánsfjárhæð eða hafnað lánveitingu. Lántakandi greiðir kostnað vegna greiðslumats.
10. Sé um lánsveð að ræða skal lögð fram skrifleg yfirlýsing eiganda viðkomandi eignar um að hann geri sér grein fyrir þeim skuldbindingum sem hann er að taka á sig. Sjóðnum er einnig heimilt að beita þrengri veðreglum og óska eftir staðfestu greiðslumati ef um lánsveð er að ræða.
11. Lánveiting er háð því skilyrði að lánakvóti viðkomandi tímabils m.v. gildandi fjárfestingastefnu sjóðsins hafi ekki verið fylltur.

Sjóðstjórn áskilur sér rétt til að hafna lánveitingu með eða án frekari skýringa.
12. Lántakanda ber að greiða lántökugjald 1% af lánsfjárhæð og umsjónargjöld auk þinglýsingar- og stimpilgjalda. Einnig ber lántakanda að greiða innheimtukostnað banka.



Lánsloforð fellur úr gildi eftir 3 mánuði hafi láns ekki verið vitjað. Endurnýja þarf umsókn ef óskað er eftir að taka lán að þeim tíma liðnum.

Kaupanda eignar, sem er í veði fyrir sjóðfélagaláni, er heimilt að yfirtaka lánið að fengnu samþykki stjórnar lífeyrissjóðsins, enda skuldbindi kaupandi sig til að yfirtaka ákvæði skuldabréfsins og að hirða vel um hina veðsettu eign, þannig að hún rýrni ekki í verði.


Verðbréfaeign í árslok 2008

	2008	%	2007	%
Sjóðfélagalan	975.328.731	4,9	351.918.226	1,6
Lánasjóður landbúnaðarins	1.107.551.386	5,5	1.029.211.042	4,8
Íbúðabréf	649.436.537	3,2	385.082.362	1,8
Húsbréf	55.339.697	0,3	49.913.271	0,2
Fjármálastofnanir	767.470.893	3,8	1.273.289.986	5,9
Fyrirtæki	669.618.886	3,3	573.301.512	2,7
Sveitarfélög	580.151.185	2,9	328.038.752	1,5
Byggðastofnun	38.521.300	0,2	31.797.329	0,2
Önnur ríkisbréf	20.460.695	0,1	135.347.145	0,6
Erlend verðbréf	289.589.641	1,4	229.377.286	1,1
Erlendir verðbréfasjóðir	3.823.055.800	19,1	4.635.973.495	21,6
Íslenskir verðbréfasjóðir	11.004.842.859	54,9	12.199.211.556	56,7
Hlutabréf	86.883.244	0,4	284.737.771	1,3
Samtals verðbréfaeign	20.068.250.854	100,0	21.507.199.733	100,0

Skráð hlutabréf eru talin til eignar í ársreikningi á markaðsverði, en óskráð hlutabréf á framreiknuðu kaupverði til ársloka 2001 nema fyrir liggi vitneskja um lægra gengi þeirra. Eignir í verðbréfasjóðum nema samtals 14,8 milljörðum króna. Þeir eru gerðir upp á markaðsverði og um 10,4 milljarðar króna af þeirri eign eru skuldabréf, þar af rúmir 7 milljarðar ríkisskuldabréf. Eign í stökum skuldabréfum er gerð upp miðað við kaupávöxtun.

Hrun íslenska efnahagskerfisins hafði mikil áhrif á stöðu Lífeyrissjóðs bænda eins og annarra lífeyrissjóða. Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf bankanna verðlaus og mikil óvissa er enn um verðmæti þeirra skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Eignir lífeyrissjóðsins hafa verið endurmetnar miðað við stöðu í árslok 2008 og auk þess gerðar sérstakar varúðarniðurfærslur á vissum eignum. Ljóst er að hér er um mat að ræða með hliðsjón af tapsáhættu.

Hlutfallsleg skipting verðbréfaeignar 2008



Fjárfestingastefna

Í nóvember ár hvert samþykkir stjórn Lífeyrissjóðs bænda fjárfestingastefnu fyrir komandi ár. Fjárfestingastefna fyrir árið 2009 ber keim af efnahagshræringunum síðari hluta ársins 2008 og breytingum á fjárvörslu hjá sjóðnum. Stefnan verður yfirfarin eftir fyrsta ársfjórðung 2009 og hugsanlega gerðar á henni áherslubreytingar.

Flokkar verðbréfa	Stefna 2009	Frávik 2009	Stefna 2008
Bundin innlán	0%	0-15%	0%
Verðbréf með föstum tekjum	70%	55-100%	65%
Skuldabréf með ríkisábyrgð	50%	15-90%	40%
Önnur skuldabréf	20%	10-44%	25%
Erlend skuldabréf	0%	0-5%	0%
Verðbréf með breytilegum tekjum	30%	0-45%	35%
Innlend hlutabréf	0%	0-5%	10%
Erlend hlutabréf	0%	0-10%	25%
Sérhæfðar fjárfestingar	0%	0-5%	
Verðbréfa- og fjárfestingasjóðir	30%	0-40%	

Erlendar fjárfestingar í heild 2009 skulu þó aldrei fara yfir 40% af eignum og hlutabréf í heild ekki yfir 25%.

Forsendur

Fjárfestingastefna á að taka mið af stöðu lífeyrissjóða og vegna óhagstæðrar lífeyrisbyrðar hefur vægi skuldabréfa í stefnunni verið nokkuð hátt og hefur verið talið að stefnan feli í sér áhættu sem sé tiltölulega lítil og innan viðunandi marka. Efnahagshrunið síðasta haust hafði mikil áhrif á áhættumat lífeyrissjóðanna. Verðbréf sem áður voru talin tiltölulega traust eign urðu að engu í einu vetfangi og erfitt var að móta fjárfestingastefnu í nýju umhverfi. Lífeyrissjóðurinn naut aðstoðar Nýja Kaupþings, Nýja Glitnis og Jökla-Verðbréfa við mótun fjárfestingastefnunnar að þessu sinni. Mikil verðbólga var á þessum tíma og horfur dökkar til skemmri tíma. Gert var ráð fyrir auknu framboði á ríkisskuldabréfum eftir hrunið. Vænt nafnávöxtun á ári að jafnaði næstu 5 árin er 10%. Forsendur stefnunnar eru vænt ávöxtun og söguleg flókt ávöxtunar, tryggingafræðileg staða, mat á flóktþoli og spá um ávöxtun næstu fimm ára.

Spá Eignastýringar Nýja Glitnis hljóðar svo:

„Gert er ráð fyrir að **verðbólga** 2009–2013 verði að jafnaði 5% á ári þó verðbólgaumarkmið sé 2,5%.

Gefum okkur að **íslenska krónan** veikist fyrst um sinn en styrkist á næstu mánuðum eftir að hún verður sett á flot. Muni þá eðlilegt jafnvægisgengi gengisvísitölunnar vera í kringum 160-180. Í framhaldi af því muni krónan veikjast vegna hærri verðbólgu innanlands en erlendis.

Við gerum ráð fyrir að hugmynd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um afar lágt vaxtaumhverfi í heiminum nái fram að ganga og vextir verði almennt 1-2%. Þá muni Seðlabanki Íslands koma **stýrivöxtum** niður undir 5% innan 2 ára en þeir verði háir fyrst um sinn. Til lengri tíma verði stýrivextir undir 7%.

Mörg öfl hafa áhrif á **ávöxtunarkröfu** á löngum verðtryggðum skuldabréfum:

Búist er við auknu framboði á ríkistryggðum bréfum á næstu mánuðum vegna aukinnar fjárþarfar ríkisins.

Óverðtryggð krafa mun fara lakkandi sem einnig mun valda lakkun á verðtryggðri kröfu.

Þar sem veruleg óvissa er á fjármagnsmörkuðum liggur nú hátt hlutfall fjármagns í innlánum. Þegar öryggi fjárfesta eykst munu fjármunir þeirra leita aftur á skuldabréfamarkað og ýta undir lakkun kröfunnar.

Auknar líkur eru nú á Evruaðild þar sem vaxtaumhverfið er lægra. Þetta gæti valdið straumhvörfum í gildi ávöxtunarkröfu með stöðugri gjaldmiðli og lægri verðbólgu.

Seðlabankinn gefur sér að jafnvægis krafa langra verðtryggðra bréfa sé 4,5% en við gerum ráð fyrir gildi kröfunnar á bilinu 3-4%. Ef farið verði í aðlögunarferli evrunnar munum við sjá lægra gildi.

Heimsvísitala hlutabréfa hefur sl. 10 ár hækkað um tæp 5,8% á ári í USD en um **6,5% í ISK**. Undanfarin ár hafa aftur á móti verið afar sveiflukennd á hlutabréfamörkuðum. Bandaríska S&P vísitalan hefur hækkað um 8,2% frá 1930 og 9,5% s.l. 20 ár í USD. Eftir að krónan hefur náð jafnvægi gerum við ráð fyrir að hækkan heimsvísitala hlutabréfa verði **11% í íslenskum krónum**.

Innlend hlutabréf hafa hækkað um 6,9% á ári að jafnaði sl. 15 ár. Undanfarin 5 ár hefur markaðurinn þó lækkað um 13,9% á ári eftir óvenjulega mikinn vöxt innlendu bankanna og hrun þeirra í framhaldinu. Ávöxtunin s.l. 15 ár er ekki mjög há í erlendum samanburði. Við spáum sömu hækkan innlendra bréfa eins og erlendra í sinni grunnmynt sem er þá að jafnaði **9% hækkan** á ári næstu 5 árin. Veruleg óvissa er með framtíð hlutabréfamarkaðarins ef fleiri félög verða afskráð í Kauphöll Íslands.“

Áfram er mikilvægt er að hafa mismunandi eignaflokka í verðbréfasöfnum til að draga úr áhættu. Í núverandi markaðsástandi er ekki jafnmörgum kostum til að dreifa og áður var.



Með því að blanda eignaflokkum saman ætti að nást góð áhættudreifing. Stjórn sjóðsins taldi rétt að auka vægi innlendu skuldabréfanna og þá sérstaklega ríkisskuldabréfa í eignasafni sjóðsins. Markmið um meðallíftíma skuldabréfaflokka er 5 til 10 ár og í árslok 2008 var hann í kringum 7 ár.

Umsjón fjárfestinga

Þrír fjárvörsluaðilar önnuðust umsjón verðbréfasafns sjóðsins og fjárfestingar samkvæmt fjárfestingastefnunni á árinu 2008. Í lok ársins hafði Glitnir til umsjónar 11 milljarða, Landsbankinn 4 milljarða og Kaupþing 4,2 milljarða. Í vörslu lífeyrissjóðsins var 1,1 milljarður.

Ávöxtun

Nafnávöxtun var -4,3%, raunávöxtun -17,8% og hrein raunávöxtun -17,9%. Árið 2007 var nafnávöxtun jákvæð um 4,9%, raunávöxtun neikvæð um 0,9% og hrein raunávöxtun -1,1%. Verðbólga var 16,36% á árinu 2008 samanborið við 5,86% árið 2007.



Úttekt á ávöxtun einstakra eignaflokka

	Nafnáv. 2008	Raunáv. 2008 og 2007	
Innlán í bönkum og sparisjóðum	19,5%	2,9%	11,0%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	28,6%	10,5%	0,4%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	22,1%	4,9%	3,7%
Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	(35,9)%	(44,9)%	6,8%
Skuldabréf fyrirtækja	13,9%	(2,1)%	6,4%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (sjóðfélagalán)	24,9%	7,4%	4,0%
Hlutabréf innlend	(83,3)%	(85,7)%	3,4%
Önnur verðbréf	(10,7)%	(23,3)%	3,6%
Gengisbundin verðbréf	(1,1)%	(15,0)%	(10,7)%

Tryggingafræðileg úttekt - Skuldbindingar

Steinninn Guðjónsdóttir tryggingastærðfræðingur gerir tryggingafræðilega úttekt á sjóðnum árlega.

Staða sjóðsins batnaði til muna á árinu 2005. Meginástæða þess var sérstakt framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjáráukalögum 2005. Með góðri ávöxtun á árinu 2006 styrktist hún svo til muna og niðurstöður ársins 2007 voru mjög áþekkar. Eignir sjóðsins eru að hluta núvirtar miðað við sömu ávöxtunarforsendur og skuldbindingar, þ.e. 3,5% ávöxtun umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Hlutablef eru metin á markaðsvirði í lok hvers árs. Vegna efnahagshrunsins og sérstakra varúðarniðurfærslna á eignum sjóðsins lækkar hrein eign um 5,9% frá ársbyrjun 2008. Einnig lækkar 3,5% endurmat skuldabréfa vegna niðurfærslna skuldabréfa.

Ljóst er að aldursdreifing greiðandi sjóðfélaga hefur mikil áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðsins og mun gera það enn í nokkuð mörg ár. Flestir sjóðfélagar hafa heimild til að greiða áfram í jafna réttindaávinnslu upp að ákveðnu marki. Áhrif jöfnu réttindaávinnsunnar eru þau að á árinu 2007 varð veruleg lækkun framtíðarskuldbindinga en eftir það munu áhrifin smátt og smátt fjara út eins og sjá má á neðangreindum hlutfallstölum. Á síðu sjö er aldursdreifingu og réttindaávinnslu ársins hjá greiðandi sjóðfélögum 2008 gerð nánari skil. Heildarréttindi greiðandi sjóðfélaga í árslok skiptast þannig í grófum dráttum:

	<i>Karlar</i>		<i>Konur</i>		<i>Samtals</i>	
	% Fjöldi	% Réttindi	% Fjöldi	% Réttindi	% Fjöldi	% Réttindi
Aldur						
16-39	16	7	20	8	18	7
40-59	60	63	60	66	60	64
60-70	24	30	20	26	22	29

Niðurstöður úttekta

Í milljónum króna	<u>2008</u>			<u>2007</u>		
<u>Eignir:</u>	<u>Áfallið</u>	<u>Framtíð</u>	<u>Heild</u>	<u>Áfallið</u>	<u>Framtíð</u>	<u>Heild</u>
Hrein eign	20.320		20.320	21.603		21.603
Núvirðing	1.154		1.154	1.725		1.725
Framtíðariðgjöld		5.828	5.828		5.329	5.329
Fjárf. kostn.	(390)		(390)	(312)		(312)
Samtals	21.084	5.828	26.912	23.016	5.329	28.345
<u>Skuldbindingar:</u>						
Ellilífeyrir	18.862	5.880	24.742	16.066	5.474	21.540
Örorkulífeyrir	1.313	790	2.102	1.190	747	1.937
Makalífeyrir	1.436	234	1.671	1.241	220	1.461
Barnalífeyrir	20	104	124	24	95	119
Rekstrarkostn.	658	390	1.048	544	349	893
Samtals	22.289	7.398	29.687	19.065	6.885	25.950
Eignir umfram skuldb.	(1.205)	(1.570)	(2.775)	3.951	(1.556)	2.395
Hlutf. af skuldb.	(5,4)%	(21,2)%	(9,3)%	20,7%	(22,6)%	9,2%



Ársreikningur 2008

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðenda	16
Skýrsla stjórnar	17
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	19
Efnahagsreikningur	20
Yfirlit um sjóðstreymi	21
Skýringar	22

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.


Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2008, efnahag hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög og reglur um ársreikninga.

Reykjavík, 27. febrúar 2009.

Deloitte hf.

Björg Sigurðardóttir



endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Lög og samþykktir

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum sjóðsins. Breytingar á samþykktunum, sem leiða af lögum nr. 171/2008 um breyting á lögum nr. 129/1997 og breytingu á atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands úr ÍSAT95 í ÍSAT2008, verða kynntar á ársfundi sjóðsins 4. mars. Nýjar samþykktir með þessum breytingum verða staðfestar af stjórn að ársfundi loknum og taka gildi við staðfestingu fjármálaráðuneytis.

Fjöldi sjóðfélaga og iðgjaldatekjur

Alls greiddu 2.996 sjóðfélagar 143 mkr. iðgjöld til Lífeyrissjóðs bænda vegna tekjuársins 2008. Af virkum sjóðfélögum eru nú 2.675 bændur. Uppgjör iðgjalda er miðað við greidd iðgjöld 31. desember 2008 en gert er ráð fyrir að iðgjöld sjóðfélaga hækki um 11,5% fram að eindaga. Bókfærðar iðgjaldatekjur ársins (iðgjöld sjóðfélaga) eru því hækkaðar um 11,5% og mótframlag launþega samsvarandi. Tekjufærð iðgjöld sjóðfélaga eru samtals 164,5 mkr. á reikningsárinu og mótframlög samtals 359,7 mkr. Réttindaflutningar nettó voru neikvæðir og námu 805 þús. kr. Heildariðgjaldatekjur námu því 523,7 mkr., sem er um 11,5% hækkun frá fyrra ári.

Mótframlag bænda

Lög um sjóðinn kveða á um að mótframlag á móti iðgjöldum bænda skuli greitt af sjóðfélögum nema samið sé um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Ríkissjóður hefur greitt mótframlag til sjóðsins vegna sauðfjár- og mjólkurframleiðslu. Mótframlag ríkissjóðs var nægilega hátt á árinu til þess að iðgjöld vegna annarra búgreina væru einnig bókuð til fullra réttinda hjá sjóðnum án þess að sérstakt mótframlag bærist frá bændum. Sé hins vegar gert ráð fyrir hækkun iðgjalda í samræmi við þróun síðustu ára (2004 – 2005) mun mótframlagið ekki nægja. Mótframlag á fjárlögum ársins 2009 samsvarar ekki þeirri hækkun iðgjalda sem áætluð er milli ára.

Lífeyrisgreiðslur

Heildarlífeyrisgreiðslur námu 882,9 mkr. til 3.765 lífeyrisþega, sem er um 11,3% hækkun greiðslna frá árinu 2007. Lífeyrisgreiðslur skiptust þannig á árinu: Lífeyrir greiddur vegna áunninna réttinda í sjóðnum nam 841,5 mkr., þar af ellilífeyrir 675,8 mkr., makalífeyrir 70,9 mkr., örorkulífeyrir 89,6 mkr. og barnalífeyrir 5,1 mkr. Lífeyrir greiddur af ríkissjóði, þ.e. lífeyrir vegna bænda fæddra 1914 og fyrr nam samtals 41,4 mkr.

Hrein eign til greiðslu lífeyris, raunávöxtun og staða

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 20.319,8 mkr. í árslok 2008 og lækkaði um 5,9% frá fyrra ári. Nafnávöxtun var neikvæð um 4,32% og raunávöxtun nam -17,77%. Hrein raunávöxtun nam -17,93%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára nemur 0,7% og síðustu 10 ára 1,28%. Endurmetnar eignir eru 5,4% lægri en áfallnar skuldbindingar og 9,3% lægri en heildarskuldbindingar.

Verðbréfavíðskipti

Verðbréfakaup sjóðsins á árinu 2008 námu alls 4.668 mkr. Þau skiptast þannig: skuldabréf 1.364,1 mkr., hlutdeildir í innlendum verðbréfasjóðum 2.844,9 mkr., hlutdeildir í erlendum verðbréfasjóðum 416,7 mkr. og hlutabréf 42,5 mkr. Sala og innlausn verðbréfa nam alls 5.546 mkr. Þar af námu seld og innleyst skuldabréf 593,1 mkr., seldar hlutdeildir í innlendum verðbréfasjóðum 3.199,8 mkr., erlendum verðbréfasjóðum 1.631,4 mkr. og seld hlutabréf 121,9 mkr.

Sjóðfélagalán

Virkir sjóðfélagar eiga rétt á lánum úr sjóðnum í samræmi við veðmörk eigna, þó að hámarki 25 mkr., til allt að 40 ára. Vextir breytast 15. hvers mánaðar og eru 0,7 prósentustigum hærri en meðaltalsávöxtun á nýjasta flokki íbúðabréfa til 30 ára. Vextir verða þó ekki lægri en 5%. Veitt lán til sjóðfélaga námu 577,4 mkr. á árinu.

Fjárvarsla

Á árinu 2008 sáu þeir fjárvörsluaðilar um vörslu og ávöxtun eignasafns lífeyrissjóðsins. Hjá Glitni voru í árslok um 54,3% af eignum sjóðsins, hjá Landsbanka 19,7% og hjá Kaupþingi 20,7%. Um 5,3% eignanna voru í vörslu lífeyrissjóðsins, aðallega sjóðfélagalán. Fjárvörslusamningnum við Glitni var sagt upp á miðju ári vegna óánægju með ávöxtun. Við hrun íslensku bankanna í byrjun október brustu forsendur allra samninganna en ákveðið var að endurnýja samning við Nýja Kaupþing banka og fela þeim fjárvörslu á þriðjungi eigna sjóðsins. Jafnframt var ákveðið að ganga til kaupa á hlutafé í Jöklu-Verðbréfum hf. á nýju ári og fela þeim fjárvörslu á öðrum eignum lífeyrissjóðsins.

Eignir og uppgjör

Eignastýringasvið bankanna voru í miklum viðskiptum við bankana sjálfa fyrir hönd lífeyrissjóðsins. Sjóðurinn fjárfesti þannig í hlutabréfum og skuldabréfum sem bankarnir höfðu gefið út. Þá hafði sjóðurinn fyrir milligöngu þeirra gert afleiðusamninga við bankana, bæði gjaldmiðlaskiptasamninga og vaxtaskiptasamninga. Við fall bankanna urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf bankanna verðlaus og mikil óvissa er enn um verðmæti þeirra skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Þá er óvissa um hvort og hvernig gera á upp gjaldmiðlaskiptasamningana og vaxtaskiptasamningana. Tap er á flestum þessum samningum og gert er ráð fyrir að samningarnir verði gerðir upp í tengslum við uppgjör á kröfum sem lífeyrissjóðurinn á á bankana. Nettóstaða samninganna samkvæmt ársreikningi sjóðsins er 567,5 mkr. skuld. Viðmiðunargengi er gengi á gjalddaga eða áramótategingi á þeim samningum sem ekki eru gjaldfallnir.

Starfsemi og upplýsingastarf

Fimm starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum í árslok og stöðugildi voru að meðaltali 4,19. Heildarfjárhæð launa og þóknana nam 27.148.157 kr. Sjóðurinn sendi greiðandi sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld til sjóðsins í apríl og september. Að lokinni undirskrift ársreiknings er birt auglýsing í Bændablaðinu um helstu niðurstöður reikningsins og tryggingafræðilegrar úttektar. Í Handbók bænda er á hverju ári birt ítarleg grein um sjóðinn. Lífeyrissjóður bænda er ásamt fimm aðilum í landbúnaði, þar á meðal Bændasamtökum Íslands, þátttakandi í sameiginlegri vefsíðu íslensks landbúnaðar: "www.landbunadur.is". Heimasíða lífeyrissjóðsins er "www.lsb.is". Þar má nálgast allar almennar upplýsingar um sjóðinn auk efnis sem sjóðurinn hefur birt í Bændablaðinu og Handbók bænda. Þar er einnig að finna öll nauðsynleg umsóknareyðublöð svo sem um lán og lífeyri svo og iðgjaldaskilagreinar og möguleiki er á rafrænum skilum til sjóðsins. Almenn netfang sjóðsins er "lsb@lsb.is". Ársfundur sjóðsins 2008 var haldinn í Bændahöllinni 21. apríl 2008. Gert er ráð fyrir að ársfundur sjóðsins 2009 verði haldinn í tengslum við Búnaðarþing í Bændahöllinni þann 4. mars 2009.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda staðfestir ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. febrúar 2009.

Í stjórn Lífeyrissjóðs bænda




Skúli Bjarnason
Formaður



Örn Bergsson



Loftur Þorsteinsson



Guðmundur Grétar Guðmundsson



Vala Rebekka Þorsteinsdóttir

Framkvæmdastjóri



Sigurbjörg Björnsdóttir

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga.....	3	164.448.052	157.892.056
Mótframlög.....	3	359.674.035	308.161.539
Réttindaflutningar og endurgreiðslur.....	4	(804.999)	3.173.397
		523.317.088	469.226.992
Lífeyrir			
Lífeyrir.....	5	882.933.240	793.272.134
Umsjónarnefnd eftirlauna.....	5	(41.433.971)	(41.885.944)
Annar beinn kostnaður vegna örorku.....		452.790	511.053
		841.952.059	751.897.243
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum.....		(77.336.450)	11.997.316
Vaxtatekjur og gengismunur.....	6/19	355.937.375	1.033.220.902
Breytingar á niðurfærslu eigna.....	2	(1.180.864.417)	(29.269)
		(902.263.492)	1.045.188.949
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		16.082.109	13.925.231
Vaxtagjöld.....		4.522.190	110.910
Önnur fjárfestingargjöld.....		1.864.465	14.110.447
		22.468.764	28.146.588
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		34.332.969	30.353.744
Annar rekstrarkostnaður.....		5.765.357	6.134.542
		40.098.326	36.488.286
Hækkun (lækkun) á hreinni eign á árinu.....		(1.283.465.553)	697.883.824
Hrein eign frá fyrra ári.....		21.603.252.061	20.905.368.237
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris.....		20.319.786.508	21.603.252.061

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	31.12.2008	31.12.2007
Eignir			
Fjárfestingar	2/15-16		
Verðbréf með breytilegum tekjum.....	7-11	14.914.781.903	17.119.922.822
Verðbréf með föstum tekjum.....	12	3.773.471.037	3.655.475.121
Veðlán.....	13	975.328.731	351.918.226
Önnur útlán.....	14	404.669.183	379.883.564
		20.068.250.854	21.507.199.733
Kröfur			
Iðgjaldakröfur.....	17	34.307.592	33.599.368
Aðrar kröfur.....		42.945.676	37.363.194
		77.253.268	70.962.562
Aðrar eignir			
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir.....	18	981.430	1.467.477
Sjóður og veltiinnlán.....		746.166.806	37.601.608
Aðrar eignir.....		0	5.497.031
		747.148.236	44.566.116
Eignir		20.892.652.358	21.622.728.411
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Ýmsar skuldir.....	19	572.865.850	19.476.350
		572.865.850	19.476.350
Skuldir		572.865.850	19.476.350
Hrein eign til greiðslu lífeyris alls	20	20.319.786.508	21.603.252.061

Yfirlit um sjóðstreymi 2008

	2008	2007
Inngreiðslur		
lögjöld.....	521.257.534	488.091.545
Fjárfestingartekjur.....	375.269.257	258.553.076
Aðrar tekjur.....	37.910.021	41.885.944
Afborganir verðbréfa.....	432.591.176	773.167.725
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....	4.953.032.750	6.723.702.240
Seld verðbréf með föstum tekjum.....	593.089.347	157.714.164
Aðrar inngreiðslur.....	3.932	0
	6.913.154.017	8.443.114.694
Útgreiðslur		
Lífeyrir.....	883.324.694	793.783.187
Fjárfestingargjöld.....	37.337.803	50.290.968
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....	38.228.271	36.456.444
	958.890.768	880.530.599
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu.....	5.954.263.249	7.562.584.095
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting		
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum.....	3.304.113.907	6.628.549.769
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum.....	1.364.117.917	919.423.828
Ný veðlán og útlán.....	577.350.000	6.700.000
Aðrar fjárfestingar.....	116.227	308.720
Ráðstöfun alls	5.245.698.051	7.554.982.317
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánnum.....	708.565.198	7.601.778
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun.....	37.601.608	29.999.830
Sjóður og veltiinnlán í lok árs.....	746.166.806	37.601.608

Skýringar

Starfsemi

1. Lífeyrissjóður bænda starfar samkvæmt lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum. Gildandi lög um sjóðinn og fyrstu samþykktir tóku gildi 1. júlí 1999. Gildandi samþykktir tóku gildi 23. júlí 2007. Skýringar þessar taka mið af gildandi lögum í árslok 2008. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingarsjóðs. Sjóðurinn rekur ekki séreignarsjóð.

Lífeyrissjóðurinn veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts skv. nánari ákvæðum samþykktanna.

Bændur:

Bændur eiga skyldu aðild að lífeyrissjóðnum samkvæmt 3. gr. laga um sjóðinn og skulu allir bændur og makar þeirra er starfa að búrekstri vera sjóðfélagar. Ef makinn er ekki aðili að búrekstrinum og á ekki sjálfsagða fulla aðild að öðrum lífeyrissjóði skal veita honum aðild að sjóðnum óski hann þess skriflega. Bóndi er sá sem stundar búrekstur á lögbylí þar sem hann á lögheimili og búrekstur fellur undir atvinnugreinanúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT 95 (Undanþegnir eru undirflokkar 01.4, 01.5 og 02.02.). Samkvæmt 4. mgr. sömu gr. er heimilt að veita þeim sem stunda búrekstur utan lögbyla og þeim sem ekki eiga lögheimili á bújörðum sínum aðild að sjóðnum enda hafi hlutaðeigandi meiri hluta tekna sinna af búrekstri. Samkvæmt lögum ber sjóðfélögum að greiða að lágmarki 4% af heildarlaunum sínum (reiknuðum eða greiddum) til sjóðsins samkvæmt 1. og 2. mgr. 4. gr. og skal á móti iðgjaldi sjóðfélaga greitt mótframlag sem skal að lágmarki vera 8% af sama iðgjaldsstofni. Mótframlag skal greitt af sjóðfélaga (bónda) sé ekki samið um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti.

Launþegar:

Launþegar er starfa við landbúnað skulu vera sjóðfélagar samkvæmt 3. mgr. 3. gr. enda eigi þeir ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði. Hafi sjóðfélagi (bóndi) atvinnutekjur af öðru en búrekstri og þessi störf veita ekki sjálfsagða aðild að öðrum lífeyrissjóði er honum heimilt að greiða iðgjöld af slíkum tekjum til sjóðsins samkvæmt 5. mgr. 3. gr. laganna. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. skulu iðgjöld að lágmarki vera 12% af tekjum, þ.e. að lágmarki 4% iðgjald sjóðfélaga og að lágmarki 8% mótframlag vinnuveitanda.

Lífeyrisréttindi:

Með iðgjaldagreiðslum til öflunar lífeyrisréttinda ávinnur sjóðfélagi sér og maka sínum og börnum eftir því sem við á rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris, maka- og barnalífeyris. Réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 67 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri og barnalífeyri, ef við á, ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Andist sjóðfélagi eiga eftirlifandi maki og börn, yngri en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum skv. nánari reglum. Í samþykktum sjóðsins er kveðið nánar á um ávinnslu réttinda og var hún óháð aldri til ársloka 2006 en blönduð, þ.e. bæði jöfn og aldurstengd frá ársbyrjun 2007. Lífeyrissjóðurinn ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sínar með eignum sínum. Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins getur haft áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga því sjóðnum er skylt að auka eða skerða lífeyrisréttindi sjóðfélaga fari munur milli eigna og lífeyrisskuldbindinga sjóðsins fram yfir tiltekin mörk.

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og góða reikningsskilavenju. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Eignir hafa verið metnar með hliðsjón af tapshættu í kjölfar bankahruns í október 2008. Eignir hafa lækkað í verði og hafa þær verið færðar niður í bókum sjóðsins, að teknu tilliti til væntanlegrar skuldajöfnunar gjaldmiðlasamninga við bankana. Nánari sundurliðun niðurfærslu er í skýringum 11 og 12. Heildarniðurfærsla verðbréfasafns er um 5,56%.

Eignir

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán og önnur útlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

Verðbréf með breytilegum tekjum:

Framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, þar með taldir innlendir og erlendir verðbréfasjóðir, eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á framreiknuðu kaupverði til ársloka 2001 eða markaðsverði, liggi það fyrir á einstökum bréfum. Innlendir verðbréfasjóðir eru niðurfærðir samkvæmt mati um 317 mkr. í ársreikningi.

Verðbréf með föstum tekjum:

Framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Afleiðutengd skuldabréf eru færð til eignar á markaðsverði. Skuldabréf fyrirtækja og lánastofnana, innlend og erlend, eru niðurfærð samkvæmt mati um 864 mkr. í ársreikningi.

Veðlán:

Útlán til sjóðfélaga eru færð til eignar með áföllnum vöxtum miðað við vaxtakjör þeirra.

Önnur útlán:

Í þessum flokki eru eldri lán til Lánasjóðs landbúnaðarins með ábyrgð ríkisins. Bréfin eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Um 65% af verðbréfaeign sjóðsins er verðtryggð.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Skýringar

Iðgjöld

3. Iðgjöld sjóðfélaga / mótframlög:

Iðgjöld sjóðfélaga eru 4% af launum og mótframlög vinnuveitenda 8%. Bændur greiða 4% af reiknuðum launum í landbúnaði eða greiddum launum þar sem búrekstrarformi er þannig háttað. Greiðslu iðgjalds er haldið eftir af beingreiðslum bænda sem þeirra njóta en af öðrum bændum er iðgjald innheimt með greiðsluseðlum mánaðarlega. Nokkrir aðilar, aðallega rekstraraðilar einkahlutafélaga, greiða iðgjöld sín beint til sjóðsins.

Iðgjöld eru endurgreidd til þeirra sem hafa náð 70 ára aldri, eru ekki sjóðfélagar skv. ákvæðum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 12/1999 svo og til dánarbúa og greiðenda undir 16 ára aldri. Leiði eftirlit RSK með iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóði í ljós að bændur hafi ofgreitt iðgjöld til sjóðsins skulu þau endurgreidd, hafi þeir hvorki nýtt þau réttindi sem af iðgjöldunum leiddu á neinn hátt né óskað eftir því að halda réttindunum. Ennfremur eru endurgreidd mótframlög launagreiðenda á móti þeim launþegaiðgjöldum sem endurgreidd eru. Heildarendurgreiðslur á árinu voru óverulegar.

4. Réttindaflutningar og endurgreiðslur:

Réttindaflutningar til sjóðsins námu kr. 1.481.611 en frá sjóðnum kr. 2.286.610.

Lífeyrir

5. Lífeyrir greinist þannig:

	Eftirlaun skv. áunnum réttindum	Eftirlaun skv. II. kafla laga um sjóðinn	Samtals 2008	Samtals 2007
Ellilífeyrir	675.832.526	3.373.644	679.206.170	592.692.704
Makalífeyrir	70.901.767	38.060.327	108.962.094	101.527.786
Örorkulífeyrir.....	89.618.063	0	89.618.063	91.464.584
Barnalífeyrir	5.146.913	0	5.146.913	7.587.059
Lífeyrir alls.....	841.499.269	41.433.971	882.933.240	793.272.133

Lífeyrisframlag ríkissjóðs:

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda skal ríkissjóður greiða lífeyri þeirra bænda, sem taka lífeyri skv. II. kafla sömu laga.

Fjárfestingartekjur

6. Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	2008	2007
Vaxtatekjur af bankainnistæðum.....	33.093.741	8.960.584
Gengismunur af erlendum gjaldeyrisreikningum.....	84.243.126	8.231.060
Dráttarvextir af iðgjöldum.....	4.232.544	6.174.492
Lántökupóknanir af sjóðfélagalánum.....	6.116.856	0
Vaxtatekjur og gengismunur af verðbréfum.....	1.124.580.547	1.019.360.689
Vaxtatekjur og gengismunur af gjaldmiðlasamningum.....	(896.329.439)	(9.505.923)
	355.937.375	1.033.220.902

Skýringar

Fjárfestingar

Verðbréf með breytilegum tekjum

7. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum	26.180.662
Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum	60.702.582
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum	11.007.088.060
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum	3.820.810.599
	<u>14.914.781.903</u>

8. Eignarhlutar í innlendum félögum greinast þannig:

	Hlutdeild	Nafnverð	Markaðsverð
Skráð félög í Kauphöll Íslands:			
Bakkavör Group.....	0,02%	335.000	834.150
Exista hf.....	Óveruleg	358.183	14.327
Marel hf.....	0,07%	280.000	21.784.000
			<u>22.632.477</u>

Óskráð innlend hlutabréf:

Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.	2,57%	128.480	153.185
Reiknistofa lífeyrissjóða ehf.....	1,54%	1.697.500	3.395.000
			<u>3.548.185</u>
Eignarhlutar í innlendum félögum alls			<u>26.180.662</u>

9. Eignarhlutar í erlendum félögum greinast þannig:

	Gjaldmiðill	Hlutdeild	Markaðsverð
Erlend félög skráð á markaði:			
Uppspretta Icelandic Capital Venture SA.....	ISK	Óveruleg	3.312.500
Decode Genetics A	USD	"	13.942
Foeroya Banki P/F.....	DKK	"	18.403.918
GIR Capital Management.....	ISK	"	9.292.252
			<u>31.022.612</u>

Óskráð erlend félög:

Health Holding SA.....	SEK	Óveruleg	29.679.970
			<u>29.679.970</u>

Eignarhlutar í erlendum félögum alls

60.702.582

Hlutabréfaeign alls

86.883.244

Skýringar

10. Hlutdeildarskírteini greinast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir:	
Sjóðir með hlutabréfum	782.741.722
Sjóðir með skuldabréfum	10.224.346.338
	<u>11.007.088.060</u>
Erlendir verðbréfasjóðir:	
Sjóðir með hlutabréfum	3.701.208.107
Sjóðir með skuldabréfum	119.602.492
	<u>3.820.810.599</u>
Hlutdeildarskírteini alls	<u>14.827.898.659</u>

11. Hlutdeildarskírteini sundurliðast þannig:

Innlendir verðbréfasjóðir með innlendum hlutabréfum:	Án niðurfærslu	Gjaldmiðill	
Glitnir, Sjóður 6	42.361.209	ISK	42.361.209
Glitnir, Sjóður 10	58.070.899	ISK	58.070.899
Fjárfestingasjóðurinn ÍS-15.....	43.108.513	ISK	43.108.513
Kaupþing, ICEQ verðbréfasjóður.....	1.246.457	ISK	1.246.457
Kaupþing, Eining 9	10.110.250	ISK	10.110.250
Kaupþing, IS5.....	1.447.318	ISK	1.447.318
Landsbankinn, Vísitölubréf	25.923.602	ISK	2.762.922
Landsbankinn, Nordic 40.....	9.563.035	EUR	9.563.035
	<u>191.831.283</u>		<u>168.670.603</u>
Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum erlendra félaga:			
Landsbanki Global Equity Fund.....		ISK	614.071.119
			<u>614.071.119</u>
Innlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum alls.....			<u>782.741.722</u>
Innlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:	Án niðurfærslu	Gjaldmiðill	
Glitnir, Sjóður 1 - blandaður skuldabréfasjóður	2.121.391.132	ISK	2.121.391.132
Glitnir, Sjóður 5 - íslensk ríkisverðbréf.....	101.201.530	ISK	101.201.530
Glitnir, Sjóður 7 - íslensk ríkisverðbréf	2.885.505.083	ISK	2.885.505.083
Glitnir, Sjóður 11 - blandaður skuldabréfasjóður	980.464.204	ISK	980.464.204
Glitnir, Ríkissafn.....	30.219.462	ISK	30.219.462
Kaupþing, Ríkisverðbréfasjóður langur.....	1.297.747.573	ISK	1.297.747.573
Kaupþing, Ríkisverðbréfasjóður millilangur.....	715.888.296	ISK	715.888.296
Kaupþing, Hávaxtasjóður.....	18.512.699	ISK	18.512.699
Kaupthing, Fixed Income.....	40.300.035	ISK	40.300.035
Kaupþing Fagsjóður Alþjóðleg skuldabréf.....	1.300.922	ISK	1.300.922
Kaupthing Liquidity Fund Eur.....	2.245.201	EUR	2.245.201
Landsbankinn, Markaðsbréf stutt.....	253.898.381	ISK	253.898.381
Landsbankinn, Markaðsbréf millilöng.....	43.041.660	ISK	43.041.660
Landsbankinn, Markaðsbréf löng.....	1.440.060.510	ISK	1.440.060.510
Landsbankinn, Fyrirtækjabréf.....	516.080.289	ISK	222.673.060
Landsbankinn Absolute Return Strategies.....	69.896.590	USD	69.896.590
	<u>10.517.753.567</u>		<u>10.224.346.338</u>
Innlendir verðbréfasjóðir alls			<u>11.007.088.060</u>

Skýringar

Erlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum:

Skráðir sjóðir í EUR:	Gjaldmiðill	
Skagen Global Fund EUR E-share.....	EUR	155.558.978
Vanguard Euro Gov. Bd. Eur.....	EUR	189.041.815
JPMorgan Fleming EUR Liquidity Fund.....	EUR	2.796.045
Kaupthing Manager Sel Global Equity.....	EUR	825.467.763
Kaupthing International Value/LUX Global Value Class.....	EUR	34.921.142
Global Opportunity Fund I.....	EUR	81.831.443
European Opportunity Fund I.....	EUR	33.974.105
Nordic Opportunity Fund I.....	EUR	26.198.937
Sparinvest - Global Value I.....	EUR	259.408.325
		<u>1.609.198.553</u>

Skráðir sjóðir í USD:

Vanguard European Stock Index Fund	USD	928
Vanguard Global Stock Index Fund	USD	937.310.331
Vanguard US gov. Bd.....	USD	188.424.270
Vanguard Global Enhanced Equity.....	USD	256.539.230
Gartmore - Global Focus-D ACC.....	USD	256.974.507
Glitnir FIM MONDO-INST.....	USD	200.451.012
JPMorgan Fleming USD Liquidity Fund.....	USD	116.598
		<u>1.839.816.876</u>

Skráðir sjóðir í CHF:

CHF Sviss Wegelin Instl. Eqty Act Idx-c.....	CHF	252.192.678
		<u>252.192.678</u>

Erlendir verðbréfasjóðir með hlutabréfum alls..... 3.701.208.107

Erlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum:

Skráðir sjóðir í EUR:

Kaupthing FX.....	EUR	50.129.081
		<u>50.129.081</u>

Skráðir sjóðir í ÍSK:

ISB Reykjavik Global Hedge Fund.....	ISK	69.473.411
		<u>69.473.411</u>

Erlendir verðbréfasjóðir með skuldabréfum alls..... 119.602.492

Erlendir verðbréfasjóðir alls 3.820.810.599

Verðbréfasjóðir samtals 14.827.898.659

Skýringar

Verðbréf með föstum tekjum

12. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

Skuldabréf með ríkisábyrgð:

Ríkisbréf.....	14.297.311
Húsbréf	55.339.697
Húsnæðisbréf	6.163.384
Íbúðabréf	649.436.537
Skuldabréf Bygðastofnunar	38.521.300
Landsbanki Íslands (Lánasjóður landbúnaðarins).....	702.882.203
	<u>1.466.640.432</u>

Önnur skuldabréf:	Án niðurfærslu	Gjaldmiðill	
Skuldabréf sveitarfélaga	580.151.185	ÍSK	580.151.185
Skuldabréf lánastofnana	1.213.500.577	ÍSK	767.470.893
Skuldabréf fyrirtækja	935.648.900	ÍSK	669.618.886
Innlend skuldabréf alls.....	<u>2.729.300.662</u>		<u>2.017.240.964</u>
Erlend skuldabréf fyrirtækja.....	45.748.154	NOK	45.748.154
Erlend skuldabréf fyrirtækja.....	79.166.270	USD	64.422.469
Erlend skuldabréf fyrirtækja.....	67.127.445	ÍSK	67.127.445
Erlend skuldabréf lánastofnana.....	22.308.392	USD	6.458.323
Erlend skuldabréf lánastofnana.....	<u>227.476.192</u>	EUR	<u>105.833.250</u>
Erlend skuldabréf alls.....	441.826.453		289.589.641
Önnur skuldabréf alls.....	<u>3.171.127.115</u>		<u>2.306.830.605</u>
Verðbréf með föstum tekjum alls	<u>4.637.767.547</u>		<u>3.773.471.037</u>

Veðlán

13. Veðlán greinast þannig:

Skuldabréf sjóðfélaga	987.922.115
Niðurfærsla veðskuldabréfa	(12.593.384)
	<u>975.328.731</u>

Önnur útlán

14. Önnur útlán greinast þannig:

Landsbanki Íslands (Lánasjóður landbúnaðarins) - með ábyrgð ríkissjóðs	404.669.183
	<u>404.669.183</u>

Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

15. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	11.033.642.059	3.881.139.844	14.914.781.903
Verðbréf með föstum tekjum	3.551.008.841	222.462.196	3.773.471.037
Veðlán	975.328.731		975.328.731
Önnur útlán	404.669.183		404.669.183
	<u>15.964.648.814</u>	<u>4.103.602.040</u>	<u>20.068.250.854</u>
Hlutfallsleg skipting	79,55%	20,45%	100%

Skýringar

Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins

16. Markaðsverð fjárfestinga sjóðsins er áætlað kr. 19.896,8 milljónir eða kr. 171,4 milljónum lægra en bókfært verð þeirra.

Kröfur

17. Ógreiddar kröfur á launagreiðendur vegna ógreiddra iðgjalda og mótframlaga eru 34,3 milljónir króna í árslok, þar af eru óinnheimt iðgjöld og mótframlög áætluð 25,5 milljónir króna. Ógreiddir vanskilavextir nema 3,9 milljónum króna.

Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir

18. Húsgögn, tölvur og tæki eru færð til eignar í ársreikningi sem rekstrarfjármunir og afskrifuð á fimm árum.

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

Eignir 31.12.2007.....	1.467.477
Viðbætur á árinu.....	116.227
Afskrifað á árinu.....	(602.274)
	<u>981.430</u>

Gjaldmiðlasamningar

19. Lífeyrissjóðurinn hefur gert framvirka gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga á árinu. Gjaldmiðlasamningar eru gerðir til þess að draga úr áhrifum gengisbreytinga á krónunni á eignir lífeyrissjóðsins. Breytingar á gengi krónunnar hafa áhrif á verðmæti erlendra eigna og hafa þær hækkað meira vegna gengisbreytinga en neikvæð staða gjaldmiðlasamninga sýnir. Vegna bankahrunsins hafa samningar sem þá voru ekki fallnir í gjalddaga ekki verið gerðir upp. Óvissa ríkir um hvenær og með hvaða hætti þeir verði gerðir upp. Sjóðurinn átti kröfur á bankana þrjá þegar bankahrunið átti sér stað og til stendur að lýsa yfir skuldajöfnuði á móti kröfum þeirra vegna framvirku samninganna. Staða þessara samninga í árslok var neikvæð um 567 mkr. milljónir króna og hafa áhrif þeirra verið færð inn í rekstur sjóðsins á liðinn vaxtatekjur og gengismunur í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris og til skuldar á liðinn ýmsar skuldir í efnahagsreikningi. Viðmiðunargengi er gengi á gjalddaga eða áramótagengi á þeim samningum sem ekki eru gjaldfallnir.

Lífeyrisskuldbindingar

20. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins:

Samkvæmt niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar á stöðu lífeyrissjóðsins í árslok 2008, miðað við 3,5% ársvexti, eru endurmetnar eignir 1.205 milljónum króna lægri en áfallnar skuldbindingar eða -5,4% og 2.775 milljónum króna lægri en heildarskuldbindingar eða -9,3%.

<u>Eignir</u>	<u>Áfallnar m.kr.</u>	<u>Framtíðar m.kr.</u>	<u>Heildar m.kr.</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	20.320		20.320
Núvirði verðbréfa, hækkun.....	1.154		1.154
Lækkun vegna fjárfestingargjalda.....	(390)		(390)
Núvirði framtíðariðgjalda.....		5.828	5.828
	<u>21.084</u>	<u>5.828</u>	<u>26.912</u>
<u>Skuldbindingar</u>			
Ellilífeyrir	18.862	5.880	24.741
Örorkulífeyrir	1.313	790	2.102
Makalífeyrir	1.436	234	1.671
Barnalífeyrir	20	104	124
Rekstrarkostnaður	658	390	1.048
	<u>22.289</u>	<u>7.398</u>	<u>29.687</u>
Eignir umfram skuldbindingar	(1.205)	(1.570)	(2.775)
Í hlutfalli af skuldbindingum	(5,41%)	(21,22%)	(9,35%)

Skýringar

Önnur mál

21. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2008	2007
Laun starfsfólks	24.514.625	20.198.215
Laun stjórnar.....	3.268.512	3.205.980
Launatengd gjöld	5.245.478	4.309.655
	<u>33.028.615</u>	<u>27.713.850</u>
Meðalfjöldi starfa	4,19	3,68

22. Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda sjóðsins greinast þannig:

	2008
Skúli Bjarnason, stjórnarformaður.....	1.089.504
Lofur Þorsteinsson, stjórnarmaður	544.752
Guðmundur Grétar Guðmundsson, stjórnarmaður.....	544.752
Örn Bergsson, stjórnarmaður.....	544.752
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, stjórnarmaður.....	185.076
Lilja Sturludóttir, fyrrverandi stjórnarmaður.....	359.676
Sigurbjörg Björnsdóttir, framkvæmdastjóri.....	9.691.553

23. Þóknun til Deloitte hf., ytri endurskoðenda sjóðsins, nam 751 þúsundum króna að meðtöldum virðisaukaskatti vegna vinnu við endurskoðun ársreiknings. Aðrar þóknanir til Deloitte hf. námu 1.749 þúsundum króna að meðtöldum virðisaukaskatti og eru vegna vinnu Áhættuþjónustu Deloitte við innri endurskoðun o.fl.

Skýringar

Kennitölur

24. Fimm ára yfirlit um kennitölur sjóðsins:

	2008	2007	2006	2005	2004
Hrein raunávöxtun á ársgrundvelli.....	(17,93%)	(1,07%)	8,64%	9,61% 1)	7,13%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
sl. 5 ár	0,70%	6,87%	5,98%	3,59% 2)	1,33%
sl. 10 ár.....	1,28%	4,16%	5,21%	5,19% 3)	4,76%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbr. með breyttil. tekjum.....	73,10%	77,02%	77,42%	77,31%	71,82%
Skráð verðbr. með föstum tekjum.....	15,77%	13,58%	12,64%	13,07%	12,63%
Óskráð verðbr. með breyttil. tekjum	1,22%	2,58%	2,61%	0,16%	0,09%
Óskráð verðbr. með föstum tekjum	3,03%	3,41%	3,47%	4,11%	5,85%
Veðlán	4,86%	1,64%	1,77%	2,70%	5,43%
Annað	2,02%	1,77%	2,09%	2,65%	4,18%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	79,55%	76,81%	75,44%	80,78%	78,65%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	20,45%	23,19%	24,56%	19,22%	21,35%
Fjöldi virkra sjóðfélaga	2.996	3.117	3.186	3.256	3.364
Fjöldi lífeyrisþega.....	3.547	3.606	3.619	3.655	3.668
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	80,31%	78,36%	76,62%	74,65%	73,65%
Örorkulífeyrir	10,65%	12,17%	13,63%	15,27%	15,94%
Makalífeyrir	8,43%	8,46%	8,43%	8,51%	8,60%
Barnalífeyrir	0,61%	1,01%	1,32%	1,57%	1,80%
Lífeyrisbyrði	160,89%	160,24%	159,64%	156,96%	158,46%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram					
heildarskuldbindingar	(9,3%)	9,2%	9,8%	4,6%	(9,7%)
Hrein eign umfram					
áfallnar skuldbindingar	(5,4%)	20,7%	22,1%	15,9%	(5,7%)

1) Hrein raunáv. 2005 var reiknuð miðað við hreina eign fyrir sérstaka innborgun úr Ríkissjóði. M.v. hreina eign samtals í árslok er hún 8,43%

2) Reiknuð m.v. sömu forsendur og ¹⁾. M.v. hreina eign í árslok er hún 3,36%.

3) Reiknuð m.v. sömu forsendur og ¹⁾. M.v. hreina eign í árslok er hún 5,07%.



Lífeyrissjóður bænda
Bændahöllinni við Hagatorg
107 Reykjavík
Sími 563 0300 – Fax 561 9100
Heimasíða: www.lsb.is